# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Október 2025

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag




| | Samfylkingin | Sjálfstæðisflokkurinn | Viðreisn | Miðflokkurinn | Flokkur fólksins | Framsóknarflokkurinn | Vinstri græn | Píratar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sept. '25** | **34,0%** | **19,5%** | **12,6%** | **11,8%** | **6,9%** | **5,8%** | **3,6%** | **2,9%** |
| Ágúst '25 | 34,6% | 19,7% | 12,9% | 10,7% | 7,4% | 4,5% | 3,7% | 3,5% |
| Kosningar 2024 | 20,8% | 19,4% | 15,8% | 12,1% | 13,8% | 7,8% | 2,3% | 3,0% |

### Stuðningur við ríkisstjórn




### Stuðningur við stjórnarflokka




### Fylgismæling - afstaða




Kosningar 2024 Ágúst 2025 Sept. 2025

## Fylgi Framsóknarflokks eykst aðeins

Helsta breyting milli mælinga er að fylgi Framsóknarflokksins eykst um rúmt prósentustig og nær **6%** kysu flokkinn ef kosið yrði til Alþingis nú. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu **0,2-1,1** prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Slétt **34%** kysu Samfylkinguna, rösklega **19%** Sjálfstæðisflokkinn, tæplega **13%** Viðreisn, næstum **12%** Miðflokkinn, um **7%** Flokk fólksins, næstum **4%** Vinstri græn, um **3%** Pírata, liðlega **2%** Sósíalistaflokk Íslands og tæplega **1%** aðra flokka.

Rösklega **6%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og tæplega **14%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Ríflega **62%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

## Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 30. september 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.887 og þátttökuhlutfall var 43,1%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,5-1,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

**Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.**

**Útgefið af:** Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

**Umsjón með útgáfu:** Sigrún Dría Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

**Ábyrgðarmaður:** Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.